GRASUMHIRÐA KIRKJUGARÐA
Unnið í samráði við Kirkjugarðaráð

LEIÐBEININGARIT

Maí 2011

VSÓ RÁÐGJÖF

GRASUMHIRÐA KIRKJUGARÐA
Unnið í samráði við Kirkjugarðaráð

LEIÐBEININGARIT

Verknúmer
\\vsofile\Verk\2010\10192\v\Greinagerð\10192-v110301-Grasumhirða_leiðbeiningar.docx

Maí 2011

2	16. maí	Fbe,sdj	fbe	fbe
1	1.mars 2011	sdj	fbe	fbe
Nr. Útg.	**Dagsetning**	**Unnið**	**Yfirfarið**	**Samþykkt**

Borgartúni 20, 105 Reykjavík sími: 585 9000 / fax: 585 9010 vso@vso.is www.vso.is
VSÓ RÁÐGJÖF

GRASUMHIRÐA KIRKJUGARÐA

1. Inngangur 2

2. Grasumhirða 3

2.1 Áburðargjöf 3

2.1.1 Verkfæri 3

2.1.2 Tími og tíðni 3

2.1.3 Verktími 4

2.2 Illgresi í grasflöt 4

2.2.1 Verkfæri 4

2.2.2 Tími og tíðni 4

2.2.3 Verktími 4

2.3 Mosi í grasflöt 5

2.3.1 Mosaeyðing 5

2.3.1.1 Verkfæri 5

2.3.1.2 Tími og tíðni 6

2.3.1.3 Verktími 6

2.3.2 Mosatæting 6

2.3.2.1 Verkfæri 7

2.3.2.2 Tími og tíðni *7*
2.4 Viðgerðir á rofi á grassverði *7*
2.4.1 Sáning á grasfræi *7*
2.4.1.1 Verkfæri *8*
2.4.1.2 Tími og tíðni *8*
2.4.1.3 Verktími *8*
2.4.2 Þökulagning *8*
2.4.2.1 Verkfæri *8*
2.4.2.2 Tími og tíðni *8*
2.4.2.3 Verktími *8*
2.5 Grassláttur *9*
2.5.1 Verkfæri *9*
2.5.2 Tími og tíðni *10*
2.5.3 Verktími *10*
3. Tilboðsskrá **12**
3.1 Grassvæði *12*

GRASUMHIRÐA KIRKJUGARÐA

1. Inngangur

Aðal umhirða kirkjugarða er fólgin í slætti og grashirðingu. Í sumum kirkjugörðum er reyndar talsvert magn trjágróðurs og blómabeða sem þarf sína hirðingu auk þessa er víða talsverð vinna í viðhaldi girðinga, stíga og húsnæðis.

Í lögum um kirkjugarða er skýrt kveðið á um ,,að kirkjugarðsstjórnir skulu láta slá garðana reglulega með varúð og hafa þá að öllu leiti vel og snyrtilega hirta". Til að uppfylla þessa lagaskildu er kirkjugörðunum tryggður sérstakur tekjustofn þ.e. kirkjugarðsgjald. Um 80% af þessu gjaldi er ætlað að standa undir umhirðu kirkjugarða (fasta kostnaður).

Engir tveir kirkjugarðar eru eins og því misunandi í hirðingu. Sumir eru þýfðir með óreglulegum leiðum, leiðaumgjörðum og misháum leiðum meðan aðrir eru reglulegir og sléttir. Yfirborðið þeirra er einnig mismunandi. Í sumum þeirra eru ríkjandi fíngerðar og seinsprottnar grastegundir á meðan í öðrum eru fljótsprottin fóðurgrös eða jafnvel illgresi.

Til að auðvelda umhirðu garðanna, hefur í gegnum árin, víða verið ráðist í það að slétta þá. Þetta hefur sumstaðar reynst nauðsynlegt ef garðarnir eru fullir af snarrót og ekki mótar vel fyrir leiðum, en þetta verður þó að meta í hverju einstaka tilfelli. Þar sem kirkjugarðar eru með fallega hlöðnum leiðum

má lagfæra þá með því að fylla í djúpa skorninga, en um leið reynt að láta garðinn halda sér þannig að hann missi ekki sín séreinkenni.

Í dag er reynt að haga nýskipulagi kirkjugarða þannig að umhirðan verði auðveldari. Eins hafa margir af stærstu kirkjugörðunum fengið samþykktar sérstakar reglur um umgengni og frágang grafreita. Reglur þessar ganga mest út á að auðvelda umhirðu með því t.d. að banna að: hlaða upp leiði, planta trjám eða hávöxnum runnum á grafreiti, gróðursetja skriðula fjölæringa eða runna sem geta fjölgað sér með rótarskoti eða sjálfsáningu og síðan og ekki síst að banna girðingar um einstaka grafreiti.

Umhirðugjaldinu er skipt niður á kirkjugarða samkvæmt ákveðnu gjaldalíkani sem tekur mið af flatarmáli grafarsvæða, staðsetningu kirkjugarðs og fjölda íbúa í sókninni. Samkvæmt líkaninu fá kirkjugarðar í þéttbýli hærra umhirðugjald á hvern fermetra en sveitakirkjugarðar. Ástæðan er að í þéttbýlisgörðum er yfirleitt meiri umsvif og um leið hærri fastakostnaður við stjórnun, mannahald, byggingar o.fl.

Vegna erfiðs efnahagsástands hefur orðið að skerða kirkjugarðsgjaldið síðustu ár. Til að mæta þessum niðurskurði hefur verið reynt að hagræða í rekstri kirkjugarða án þess að láta það bitna á umhirðu þeirra, enda má segja að fólk geri almennt miklar kröfur til fegrunar og hirðingu kirkjugarða hvort sem þeir eru í þéttbýli eða strjálbýli.

Aukinn niðurskurður mun væntanlega koma til með að bitna á umhirðu kirkjugarðanna. Við skulum vona að efnahagsástandi hér á landi eigi eftir að batna þannig að kirkjugörðum verði tryggðar nægilegar tekjur til að halda uppi því háa umhirðustigi sem er ríkjandi hjá flestum þeirra.

Til að garðflöt kirkjugarðs sé gróskuleg og falleg verður umhirðan að vera regluleg og markviss. Meðfylgjandi leiðbeiningar er ætlað að hjálpa til við það.

2. Grasumhirða

2.1 Áburðargjöf

Áburðargjöf er mismunandi milli tegund kirkjugarðs, sumir garðar og svæði þarfnast tíðrar áburðargjafar, meðan ekki er borið á önnur svæði eða sjaldnar.

Áður en áburðargjöf er framkvæmd er svæðið mælt út og áburðarmagn reiknað. Hvergi mega myndast áburðarhraukar og gæta skal að dreifa ekki áburði út fyrir svæðið sem um ræðir, til að mynda á malarstíga, gangstéttar, bílastæði og á tré og runna. Lendi áburður utan við svæði skal hann sópaður upp og fjarlægður.

Miða skal við tilbúin áburð NPK 12-12-17 eða sambærilegan á grasflatir. Miðað er við hreinan fosfór (P).

2.1.1 Verkfæri

Áburðardreifari, hjólbörur, fötur, dúkahnífur, kústur, hanskar.

2.1.2 Tími og tíðni

Tegund kirkjugarðs	Fyrri áburðargjöf (seinni hluta maí)	Seinni áburðargjöf (byrjun júlí)
Sveitagarður	0,02 kg/m^2 NPK 12-12-17 eða sambærilegan eða 0,05 kg/m^2 af þörungamjöli, moltu eða sambærilegu.	- -
Þorpsgarður	0,02 kg/m^2 NPK 12-12-17 eða sambærilegan eða 0,05 kg/m^2 af þörungamjöli, moltu eða sambærilegu.	0,01 kg/m^2 NPK 12-12-17 eða sambærilegan eða 0,05 kg/m^2 af þörungamjöli, moltu eða sambærilegu.
Þéttbýlisgarður	0,02 kg/m^2 NPK 12-12-17 eða sambærilegan 0,05 kg/m^2 af þörungamjöli, moltu eða sambærilegu.	0,01 kg/m^2 NPK 12-12-17 eða sambærilegan eða 0,05 kg/m^2 af þörungamjöli, moltu eða sambærilegu.
Mikilvægt er að haga áburðargjöf í samræmi við fyrirhugað umfang umhirðu og tíðni grassláttar þ.e. þar sem sjaldan er slegið skal bera minna á og á þetta sérstaklega við um sveitagarða		

2.1.3 Verktími

Verktími við áburðargjöf fer eftir stærð garðsins og hvort hægt er að koma við áburðardreifara eða hvort nauðsynlegt er að handdreifa áburðinum. Veðurfar hefur áhrif, en gera má ráð fyrir að lengri verktíma í votviðri. Einnig hefur gerð garðsins áhrif, þ.e hvort hann er sléttur eða þýfður, fjöldi beða, stærð og gerð aukahluta eins og bekkja, ljósa o.þ.h.

2.2 Illgresi í grasflöt

Í sumum kirkjugörðum hefur í gegnum árin vaxið smári, blágresi og annar fíngerður blómgróður sem mynda hálfgert blómaengi í grasflötum. Slíkur blómgróður getur sett fallegan svip á garðinn og því óþarfi að eyða og sama má segja um illgresi (túnfífill, hóffífill, brennisóley) í litlu magni. Ef það er hins vegar farið að yfirtaka gróðurþekju garðsins getur verið nauðsynlegt að grípa til ráðstafana og uppræta vöxt þess.

Illgresiseyðar er óumhverfisvæn lausn og því ætti að forðast að nota þá í lengstu lög, heldur ætti að miða við að nota aðrar aðferðir (sjá lista) sem um leið geta verið fyrirbyggjandi.

Illgresi í grasflöt:

1. Einært illgresi spírar upp af fræi snemma sumars t.d. haugarfi.
2. Tví-og fjölært illgresi eða rótarillgresi t.d njóli, túnfífill, kerfill og skriðsóley

Nokkrar aðferðir til að sporna gegna illgresi í grasflöt:

- Sá grasfræi í opin sár og flekki í grasflöt.
- Bera kalk á grasflötina, sumar illgresisplöntur þola illa kalk.
- Auka áburðargjöf til að styrkja grasvöxt (2.1).
- Sláttur til að halda vextinum í skefjum og koma í veg fyrir blómgun.
- Stinga upp fjölært illgresi með fíflabana.
- Ekki nota búfjáráburð á grasflötina.
- Sanda svæðið og sá grasblöndu.

2.2.1 Verkfæri

Fer eftir þeirri aðferð sem notuð er.

2.2.2 Tími og tíðni

Heppilegasti er að hefja aðgerðir snemma sumars áður en vöxtur plantna kemst á skrið. Nauðsynlegt getur reynst að endurtaka nokkrum sinnum yfir sumarið.

2.2.3 Verktími

Verktími við illgresiseyðingu fer eftir stærð garðsins og hve víðtækt vandamálið er. Einnig hefur veðurfar áhrif, en gera má ráð fyrir að lengri verktíma í votviðri. Einnig hefur gerð garðsins áhrif, þ.e hvort hann er sléttur eða þýfður, fjöldi beða, stærð og gerð aukahluta eins og bekkja, ljósa o.þ.h.

2.3 Mosi í grasflöt

2.3.1 Mosaeyðing

Mosaeyðing kann að vera nauðsynleg og sum svæði þarfnast meiri athygli hvað varðar mosa í grasflöt en önnur. Ekki ætti að líta á mosaeyðingu sem eitt af vorverkunum ár hvert, heldur ætti að miða að því að breyta vaxtarskilyrðunum mosa í óhag.

Mosi er algengur þar sem jarðvegur er léttsúr, rakur og áburðarsnauður og þar sem skugga nýtur.

Áður en mosaeyðing er framkvæmd er svæðið metið, mælt út og áburðarmagn reiknað.

Nokkrar aðferðir til að sporna gegna mosa í grasflöt:

- Ræsa jarðvegin fram, það má gera með því að þéttgata grasflötina með stungugafli og síðan er sandi sópað niður um loftunargötin.
- Ekki slá grasið of snöggt og láta lengri tíma líða milli slátta
- Rakstur, þéttir grasflöt.
- Áburðargjöf (sjá nánar 2.1)
- Kölkun til að sporna gegn súrum jarðveginum.
- Grisja krónur eldri trjáa til að hleypa birtu inn.
- Planta skuggþolnum gróðri í skuggahorn garðsins þar sem mikill mosi myndast.

- Skipta út fyrir skuggagras í skuggahornum garðsins þar sem mikill mosi myndast. Skuggagras er t.d smágerður túnvingull, língresi og grófari gerðir af vallarsveifgrasi.

Miða skal við tilbúin áburð NPK 20-10-10 eða sambærilegan á fjögurra vikna millibili. Á milli skal miða við tilbúin áburði NPK 12-12-17 eða sambærilegan (sjá áburðarplan kafla 2.1.2). Miðað er við hreinan fosfór (P).

2.3.1.1 Verkfæri

Áburðinum er dreift jafnt og þétt annað hvort með áburðardreifara eða höndunum. Sé notaður áburðardreifar skal gæta þess að stilla hann samkvæmt uppgefnu áburðarmagni.

Stungugaffall til framræslu, hjólbörur, heyhrífa.

GRASUMHIRÐA KIRKJUGARÐA

2.3.1.2 Tími og tíðni

Mosaeyðing er framkvæmd á bilinu 15.maí til byrjun júlí.

Ef þörf er á að ræsa jarðvegin fram er grasflötin götuð með stungugaffli og fínum sandi sópað í götin. Í kjölfarið getur verið gott að fylgja eftir með áburðarplani sem nær yfir 8-12 vikna tímabili.

Skipti/ Tímabil	Skipti 1	Skipti 2	Skipti 3	Skipti 4	Skipti 5	Skipti 6
Vika 1	NPK 12-12-17 0,03 kg/m^2					
Vika 3		NPK 20-20-10 0,02kg/ m^2				
Vika 5			NPK 12-12-17 0,02kg/ m^2			
Vika 7				NPK 20-20-10 0,02kg/ m^2		
Vika 9					NPK 12-12-17 0,02kg/ m^2	
Vika 11						NPK 20-20-10 0,02kg/ m^2

2.3.1.3 Verktími

Verktími við mosaeyðingu fer eftir stærð garðsins og hve víðtækt vandamálið er. Einnig hefur veðurfar áhrif, en gera má ráð fyrir að lengri verktíma í votviðri. Einnig hefur gerð garðsins áhrif, þ.e hvort hann er sléttur eða þýfður, fjöldi beða, stærð og gerð aukahluta eins og bekkja, ljósa o.þ.h.

2.3.2 Mosatæting

Mosatæting kann að vera nauðsynleg og sum svæði þarfnast meiri athygli hvað varðar mosa í grasflöt en önnur. Ekki ætti að líta á mosatætingu sem eitt af vorverkunum ár hvert, heldur ætti að miða að því að breyta vaxtarskilyrðunum mosa í óhag.

Mosi er algengur þar sem jarðvegur er léttsúr, rakur og áburðarsnauður og þar sem skugga nýtur.

Áður en mosatæting er framkvæmd er svæðið metið, mælt út og áburðarmagn reiknað.

Við mosatætingu er tætarinn keyrður fyrst eftir endilöngu svæðinu, fram og til baka en síðan þvert á fyrri línu, fram og til baka er. Ef um lítið magn af mosa er að ræða dugar að raka hann upp úr grasflötinni með malarhrífu. Eftir mosatætingu eða rakstur er kalki og áburði dreift yfir svæðið og um 1 cm lagi af sandi dreift yfir grasflötina. (sé notaður skeljasandur er ekki þörf á kalki). Athuga skal að of þykkt sandlag getur kæft grasið. Sé mikill mosi í grasi geta myndast stórir og áberandi moldarflákar. Í þeim tilfellum þarf að dreifa moldarblönduðu sandlagi í flákana og sá grasfræi. Í lokin skal vökva svæðið vel með úðara.

Miðað skal við tilbúin áburð NPK 12-12-17 eða sambærilegan. Miðað skal við skeljasand með um 36% Ca (calsíum) eða sambærilegan eða áburðarkalk með 20-25% Ca. (calsíum).

Áburðarsvæði	Tilbúin áburður	Áburðarkalk	Skeljasandur
Grassvæði	0,02 kg/m^2 af NPK 12-12-17	100 g/m^2	300 g/m^2

2.3.2.1 Verkfæri

Mosatætari, hjólbörur, malarhrífa, grashrífa, flatskófla, jarðvegsskafa, dúkahnífur, plastpokar, heyrnahlífar, áburðardreifari.

2.3.2.2 Tími og tíðni

Mosatætingu er best að framkvæma í apríl-maí og endurtaka nokkrum sinnum yfir sumarið.

2.4 Viðgerðir á rofi á grassverði

Rof á grassverði fylgja oft framkvæmdum í garðinum og nauðsynlegt er að lagfæra slíkar skemmdir sem allra fyrst svo illgresi nái ekki að fóta sig í sárinu.

Áður en viðgerð hefst er svæðið metið, mælt út og í kjölfarið er tekin ákvörðun um aðgerðir. Aðgerðir geta verið allt frá sáningu í sárið til þökulagningar, en það fer eftir stærð þess og hversu mikið rofið er.

2.4.1 Sáning á grasfræi

Sé um sáningu í rof að ræða er jarðvegurinn undirbúin með því að fjarlægja alla steina (>10 mm), rótarillgresi og mylja rótarköggla. Ef um þjappaðan jarðveg er að ræða er nauðsynlegt að losa hann með jarðvegstætara eða gaffli. Ef um stórt svæði er að ræða er gott að strengja snúrur til að tryggja jafna hæðasetningu og beinar línur. Því næst er svæðið grófjafnað til að koma í veg fyrir misvöxt í grasi og mold (5-10 cm) bætt yfir jarðveg og jafnað úr með malarhrífu og jarðvegssköfu.

Áður en sáning fer fram er gefinn lífrænan- eða tilbúin áburð og honum dreift vel yfir moldina og unninn niður í jarðveginn með malarhrífu eða tætara. Fyrir sáningu er svæðið fínjafnað og valtað.

Við sáningu er notuð tilbúin grasfræblanda og er henni dreift með sáningartæki (ef mögulegt er) svo jöfn dreifing fáist. Sáð er í tvígang, fyrst eftir endilöngu svæðinu og svo þvert á svæðið. Þetta er gert svo að dreifing verði sem jöfnust. Í lokin er svæðið valtað með handvaltara og vökvað með úðara en gæta skal þess að hafa ekki of kröftuga bunu sem getur skolað fræi burt.

Áður en sáning fer fram skal gefa áburð t.d. fiskimjöl eða tilbúin áburð (NPK 12-12-17) eða sambærilegum (sjá töflu). Miðað er við hreinan fosfór (P).

GRASUMHIRÐA KIRKJUGARÐA

Við grassáningu skal sá 1.5 kg/100m^2 fyrst eftir endilöngu svæðinu og síðan 1.5 kg/100m^2 þvert á svæðið (sjá töflu).

	Tilbúin áburður NPK 12-12-17	**Lífrænn áburður** Fiskimjöl, þörungamjöl	**Grasfræ**
Rofsvæði	0,03-0,04 kg/m^2	0,05 kg/m^2	0,03 kg/m^2

Mikilvægt er að hræra vel í pokanum með grasfræjunum fyrir notkun því stærðarmunur fræsins veldur ójafnri dreifingu í pokanum.

2.4.1.1 Verkfæri

Malarhrífa, jarðvegsskafa, flatskófla, hjólbörur, sáningavél, handvaltari, gaffall, jarðvegstætari, dúkahnífur, hælar og snúrur.

2.4.1.2 Tími og tíðni

Grassáningu er hægt að sinna snemma að hausti og seint að vori.

2.4.1.3 Verktími

Erfitt er að áætla verktíma grassáningar þar sem margir þættir geta haft áhrif á afköst, t.d veðurfar, hvort kirkjugarðurinn er sléttur eða þýfður og umfang rofssvæðis.

2.4.2 Þökulagning

Sé um þökulagningu í rof að ræða er jarðvegurinn undirbúinn með því að fjarlægja alla steina (>10 mm), rótarillgresi og mylja rótarköggla. Ef um þjappaðan jarðveg er að ræða er nauðsynlegt að losa hann með jarðvegstætara eða gaffli. Ef um stórt svæði er að ræða er gott að strengja snúrur til að tryggja jafna hæðasetningu og beinar línur. Svæðið er grófjafnað og sé nýtt moldarlag/sandlag sett á svæðið þarf að þjappa moldina mátulega t.d. með valtara eð með því að ganga hana niður með

fótunum. Jafna skal moldina út með malarhrífu eða jarðvegssköfu. Áður en þökulagt er í rofið er gefinn lífrænn- eða tilbúin áburður og honum dreift vel yfir undirlagið og unninn niður í jarðveginn með malarhrífu eða jarðvegstætara. Að því loknu er svæðið fínjafnað og valtað.

Þegar þökurnar eru lagðar eiga þær að vera rakar og undirlagið einnig. Þökurnar eru lagðar með helmings skörun (hálft í hálft) og þannig að sem minnst sé um bil. Sé lagt í halla skal leggja þökurnar með hallanum. Í miklum halla getur þurft að hæla niður þökurnar. Nota skal beittan kantskera eða hníf þar sem þarf að skera þökur til. Einnig er mikilvægt að skera saman þökurnar saman við grasflötina. Eftir að þökur hafa verið lagðar er mikilvægt að vökva vel og gefa áburð (sjá 2.1).

Athygli skal vakin á því að þökur þola illa að standa í stafla og því er mikilvægt að ljúka undirbúningsvinnu áður en þökurnar eru pantaðar. Einnig er mikilvægt að hlífa nýlögðum þökum fyrir átroðningi fyrstu 2-3 vikurnar.

2.4.2.1 Verkfæri

Jarðvegstætari, gaffall, malarhrífa, malarskófla, jarðvegsskafa, kantskeri, hælar og snúrur, dúkahnífur.

2.4.2.2 Tími og tíðni

Þökulagningu er hægt að sinna allt sumarið og fram á haust, þó skal takmarka áburðarnotkun eftir miðjan júlí.

2.4.2.3 Verktími

Erfitt er að áætla verktíma þökulagningar þar sem margir þættir geta haft áhrif á afköst, t.d veðurfar, hvort kirkjugarðurinn er sléttur eða þýfður og umfang rofssvæðis.

2.5 Grassláttur

Grassláttur er mismunandi milli gerð kirkjugarða. Sumir kirkjugarðar og svæði þarf að slá ekki sjaldnar en á tveggja vikna fresti meðan aðrir kirkjugarðar eru slegnir sjaldnar og sum ógrafin svæði hugsanlega einungis einu sinni yfir umhirðutímabilið.

Þegar slegið er kringum tré eða aðra fylgihluti er mjög mikilvægt að sýna aðgát og ekki má slá með sláttuorfi næst trjástofni nema ef notaðar eru hlífar á stofninn þannig að börkurinn eða trjástofninn skaðist ekki. Þetta á einnig við um fylgihluti úr plasti og timbri.

Mikilvægt er að slegið gras liggi ekki í haugum svo lengi að grasflötin gulni þar undir.

2.5.1 Verkfæri

Sláttutraktor með söfnunarkassa (sláttubreidd 1,50m og 1.20m) notaðar á stærri opnum svæðum og í sléttum görðum.

Sláttutraktor með söfnunarkassa (sláttubreidd 1m) notaðar á opnum svæðum og í sléttum görðum þar sem stærri gerð sláttutraktora komast ekki að.

Handsláttuvélar með söfnunarkassa (sláttubreidd 0,6m), notaðar á grafarsvæðum og minni svæðum þar sem sláttutraktorar komast ekki.

Sláttuorf notuð við slátt í steyptum reitum, uppbyggðum grasleiðum og þar sem handsláttuvélar ná ekki til.

Handklippur notaðar til að klippa gras meðfram viðkvæmum svæðum eins og í kringum tré og minnismerki og meðfram blómabeðum.

Rafmagns grasklippur notaðar til að klippa gras meðfram viðkvæmum svæðum eins og kringum tré og meðfram blómabeðum. Henta ekki í stórum görðum þar sem rafhlaðan endist ekki mjög lengi.

Heyrna- og andlitshlífar.

2.5.2 Tími og tíðni

Tími: Grasslætti er sinnt allt sumarið og gera má ráð fyrir að fyrsti sláttur sé ekki síðar en fyrstu vikuna í júní og sá síðasti ekki síðar en fyrstu vikuna í september. Ávallt skal þó taka tillit til aðstæðna hverju sinni.

Tíðni:

Tegund kirkjugarðs	Umhirðusvæði	Tíðni	Grashæð (sm)	Slátturhæð (sm)
Sveitagarður	Grafið svæði	Þriggja vikna fresti	8-12	5
	Ógrafið svæði	Tvisvar-fjórum sinnum yfir tímabilið	10-15	5
Þorpsgarður	Grafið svæði	Tveggja vikna fresti	8-12	5
	Ógrafið svæði	Þriggja vikna fresti	10-15	5
Þéttbýlisgarður	Grafið svæði	Vikulega	8-12	5
	Ógrafið svæði	Tveggja vikna fresti	10-12	5
Tíðni sláttar getur farið eftir tegund kirkjugarðs og kröfum til umhirðu og viðhald. Því þarf að haga slætti með tilliti til þess, á þetta sérstaklega við um sveitagarðana. **Umhirðugjald kirkjugarða er mismunandi eftir því hvort þeir tilheyra þéttbýli eða dreifbýli.**				

2.5.3 Verktími

Erfitt er að áætla verktíma grassláttar þar sem margir þættir geta haft áhrif á afköst, t.d veðurfar, hvort kirkjugarðurinn er sléttur eða þýfður, magn stakstæðra trjáa, fjöldi blómabeða, magn aukahluta eins og bekkja og ljósa. Allir þessir þættir ráða því hvaða verkfæri henta best við umhirðu kirkjugarðarins og um leið verktíma.

GRASUMHIRÐA KIRKJUGARÐA

Til að hlífa vélum er mikilvægt að áætla góðan tíma í undirbúningsvinnu fyrir fyrsta grasslátt að vori, hreinsa grjót og trjágreinar sem geta valdið skemmdum.

Verktími:

Tegund kirkjugarðs	Umhirðusvæði	Áætlaður verktími Klst/ha	
Sveitagarður	Slétt grafið svæði	6	Slátt Slátt Vélor
	Þýft grafið svæði	10	Slátt Vélor
	Ógrafið svæði	4	Slátt
Þorpsgarður	Slétt grafið svæði	5	Slátt Slátt Vélor
	Þýft grafið svæði	6	Slátt Vélor
	Ógrafið svæði	3	Slátt
Þéttbýlisgarður	Slétt grafið svæði	4	Slátt Slátt Hand
	Þýft grafið svæði	5	Slátt Vélor Hand
	Ógrafið svæði	2	Slátt

*ATH. aðeins er um viðmiðunartíma að ræða, en margt getur haft áhrif á verktíma
** ATH vélar og tæki eru mjög mismunandi eftir görðum og því ber að taka tillit til

Þegar áætlaður er tími við grasslátt er hægt að hafa sem viðmið að um 60% tíma fari í vélavinnu. Önnur verkefni (40 %) eru tengd slættinum s.s rakstur, hirða, áburðargjöf og illgresisvinna.

Verkfæri
utraktor með u.þ.b 1m sláttur breidd uvél með u.þ.b 50 cm sláttur breidd f.
uvél með u.þ.b 50 cm sláttur breidd f
utraktor með u.þ.b 1m sláttur breidd
utraktor með u.þ.b 1m sláttur breidd uvél með u.þ.b 50 cm sláttur breidd f.
uvél með u.þ.b 50 cm sláttur breidd f
utraktor með u.þ.b 1m sláttur breidd
utraktor með u.þ.b 1m sláttur breidd uvél með u.þ.b 50 cm sláttur breidd klippur.
uvél með u.þ.b 50 cm sláttur breidd f klippur
ur traktor með u.þ.b 1m sláttur breidd

a.

þess þegar horft er til verktíma.

3. Tilboðsskrá

Við gerð tilboða í umhirðu kirkjugarða er mikilvægt að hafa í huga að margir þættir geta haft áhrif á kostnað við grasumhirðu garða, á þetta sérstaklega við um sveitagarða, til að mynda, magn og gerð aukahluta (ljós, skilti, staurar o.þ.h), leiðaumgjörð, upphleðsla leiða, hvort garðurinn er sléttur eða þýfður og hve stór slík svæði eru. Auk allra þessara þátta skiptir miklu máli hvernig vélar og tæki eru notuð og hver útfærir verkefnin.

3.1 Grassvæði

Áburðargjöf	Magn	Einingaverð (kr).	Tíðni	Alls (kr)
Sveitagarður	m^2		1	
Þorpsgarður	m^2		2	
Þéttbýlisgarður	m^2		2	
SAMTALS TILBOÐSLIÐUR				
Mosaeyðing				
Sveitagarður	m^2		6	
Þorpsgarður	m^2		6	
Þéttbýlisgarður	m^2		6	
SAMTALS TILBOÐSLIÐUR				
Mosatæting				
Sveitagarður	m^2		2	
Þorpsgarður	m^2		2	
Þéttbýlisgarður	m^2		2	
SAMTALS TILBOÐSLIÐUR				
Sáning				
Sveitagarður	m^2			
Þorpsgarður	m^2			
Þéttbýlisgarður	m^2			

SAMTALS TILBOÐSLIÐUR					
Þökulagning					
Sveitagarður	m^2				
Þorpsgarður	m^2				
Þéttbýlisgarður	m^2				
SAMTALS TILBOÐSLIÐUR					
Grassláttur	**Tegund grassvæðis**	**Magn**	**Eininga-verð (kr).**	**Tíðni**	**Alls (kr)**
Sveitagarður	Slétt grafið svæði	m^2		4	
	Þýft grafið svæði	m^2		4	
	Ógrafið svæði	m^2		2	
Þorpsgarður	Slétt grafið svæði	m^2		6	
	Þýft grafið svæði	m^2		6	
	Ógrafið svæði	m^2		4	
Þéttbýlisgarður	Slétt grafið svæði	m^2		12	
	Þýft grafið svæði	m^2		12	
	Ógrafið svæði	m^2		6	
SAMTALS TILBOÐSLIÐUR					

ÞJÓÐKIRKJAN

Vistvæn prentun - GuðjónÓ